



DYGGÐ

*Væna konu, hver hlýtur hana?
hún er miklu meira virði en perlur. . .
(Orðskviðirnir 31:10).*



Ég mun undirbúa mig til þess að fara í
musterið og haldast hrein og verðug.
Hugsanir mínar og gjörðir munu byggjast
á háum siðferðisstöðlum.



GILDISREYNSLA: DYGGÐ

Ljúktu eftirfarandi fjórum gildisreynslum.

Fáðu foreldra þína eða leiðtoga til að dagsetja og kvitta fyrir hverja athugun að henni lokinni.

1. Dyggð er hugsanaferill og hegðun byggð á háum siðferðisstöðlum. Hún innifelur skírlífi og hreinleika. Kraftur til þess að geta stundlegt líf er upphafinn kraftur sem Guð hefur gefið börnum sínum. Guð hefur boðið að hinn helgi sköpunarkraftur skuli aðeins notaður milli karls og konu í löglega vígðu hjónabandi. Lærðu um þýðingu og mikilvægi skírlífis og dyggðar með því að lesa Moróni 9:9, Jakob 2:28, Fjölskyldan: Yfirlýsing til heimsins, og „Kynferðislegur hreinleiki“ í *Til styrktar æskunnar*. Lestu einnig þrettánda Trúaratriðið og Orðskviðina 31:10–31. Skrifaðu í dagbók þína um blessanirnar sem lofað eru fyrir að vera kynferðislega hrein og tær sem og um skuldbindingu þína við að vera skírlíf.
2. Að lifa dyggðugu lífi „alltaf, í öllu og allsstaðar, hvar sem þið kunnið að vera“ gerir þig hæfa fyrir stöðugt samneyti heilags anda. Þegar þú ert skírd og staðfest þá er þér gefin gjöf heilags anda til að leiðbeina öllum þáttum lífs þíns. Að lifa dyggðugu lífi er forsenda þess að hafa félagsskap heilags anda og hljóta blessanir helgiathafna musterisins þar sem heilagur andi dvelst ekki í óhreinum kerjum. Lesið eftirtalдар ritningartilvísanir og auðkennið lofaðar blessanir: Jóhannes 14:26–27; Jóhannes 15:26; 2 Nefi 32:1–5; K&S 45:57–59; K&S 88:3–4; og K&S 121:45–46. Skrifaðu í dagbók þína það sem þú hefur lært og skrifaðu einnig um atvik þegar þú fannst fyrir leiðsögn heilags anda.





- 3. Undirbúðu þig til að vera verðug þess að fara í musterid og taka þátt í helgiathöfnum musterisins. Lestu 5. kaflann í Alma. Skrifðu lista yfir þær spurningar sem Alma spyr. Svaraðu spurningunum fyrir sjálfa þig og gerðu lista yfir þá hluti sem þú getur gert og munt gera til þess að undirbúa þig til að vera hrein og verðug þess að fara í musterid og hljóta allar blessanir sem himneskur faðir okkar hefur lofað ástkærum dætrum sínum.
- 4. Vegna þess að frelsarinn elskar þig og hefur fórnað lífi sínu þín vegna þá getur þú iðrast. Iðrun er trúariðkun á Jesú Krist. Lestu Moróní 10:32, bók Enosar, og hlutann um iðrun í *Til styrktar æskunnar*. Friðþægjandi fórn frelsarans hefur gert þér kleift að hljóta fyrirgefningu synda þinna. Lestu sakramentisbæninna í K&S 20:77–79. Gerðu upp huga þinn að taka verðug við sakramentinu í hverri viku og fylla líf þitt af dyggðugum athöfnum sem munu færa andlegan kraft. Er þú gerir þetta munt þú eflast í getu þinni til að standast freistingar, halda boðorðin og verða líkari Jesú Kristi. Ákvarðaðu hvað þú getur gert daglega til þess að haldast hrein og verðug, skrifaðu áætlun þína í dagbókina þína.



GILDISVERKEFNI: DYGGÐ

Eftir að þú hefur lokið við gildisverkefnin fjögur skaltu ljúka við eftirfarandi verkefni fyrir gildið dyggð:

Frelsarinn valdi að lifa dyggðugu lífi. Fylgið hans hvatningu „lær af mér“ (K&S 19:23) með því að lesa alla Mormónsbók: Annað vitni um Jesú Krist. Líkið ritningunum við líf ykkar og aðstæður. Skráðu hugsanir þínar reglulega í dagbók þína er þú lest. Taktu eftir fordæmisgefandi lífi og þjónustu frelsarans. Hvað gerði lausnarinn og þeir sem fylgdu honum til að lifa dyggðugu lífi? Eftir að þú hefur klárað lesturinn skaltu skrá vitnisburð þinn í dagbók þína.




*„Ég sagði bræðrunum að Mormónsbók væri réttasta bók á allri jörðu og burðarsteinn trúar okkar og að maðurinn kæmist nær Guði með því að hlíta kenningum hennar, fremur en nokkurrar annarrar bókar.“
(Joseph Smith, í inngangi Mormónsbókar).*





„Sýndu mér unga konu sem elskar heimili og fjölskyldu, sem les og íhugar ritningarnar daglega, sem hefur brennandi vitnisburð um Mormónsbók. Sýndu mér unga konu sem af trúfestu mætir á kirkjusamkomur sínar, sem er útskrifuð úr trúarskóla yngri bekkjar, sem hefur hlotið Stúlknaverðlaunin og ber þau með stolti! Sýndu mér unga konu sem er dyggðug, hefur viðhaldið persónulegum hreinleika sínum og mun ekki sætta sig við neitt minna en musterishjónaband og ég mun sýna þér unga konu sem mun framkvæma kraftaverk fyrir Drottin nú og um alla eilífð“ (Ezra Taft Benson, „To the Young Women of the Church,“ Ensign, nóv. 1986, 84).



Dyggð



KIRKJA
JESÚ KRISTS
HINNNA
SÍÐARI DAGI HILSUGU*

© 2009 Intellectual Reserve, Inc. Allur réttur áskilinn.
Prentað í Bandaríkjum Norður-Ameríku. Sampykkt á ensku: 12/08.
Translation of *Virtue*. Language. Icelandic. 08255 190.

ICELANDIC



08255 190